



Morgunblaðið/Styrmir Kári

Rafael Hann segir að efnahagslífið á Spáni hafi tekið jákvæðum breytingum að undanfögnu. Atvinnuleysið sé meðal annars að minnka og í fyrsta skipti í mjög langan tíma hafi útflutningur landsins verið meiri en innflutningur.

Bankar láni í sömu mynt og innkoma

● Enginn banki á Spáni gjaldþrota ● Atvinnuleysi minnkar

VIÐTAL

Margrét Kr. Sigurðardóttir
margret@mbl.is



„Það þarf að gefa íslensku bönkunum eins mikið frelsi og mögulegt er en á meðan Ísland er með krónu sem gjaldmiðil á ekki að heimila að einstaklingar og minni fyrirtæki fái lán í erlendri mynt ef innkoma þeirra er í krónum,“ segir Rafael Martínez Ferreira, prófessor í fjármálum við IE-viðskiptaskólann í Madrid en hann var staddur hér á landi til að halda erindi á fundi hjá spænsk-íslenska verslunarráðinu í gær. Hann segir að stór fyrirtæki sem eru með tekjur í erlendri mynt geti tekið slík lán en þar sem sveiflur í gengi geti verið of miklar sé ekki skynsamlegt fyrir rekstrareiningar eins og heimili og smærri fyrirtæki sem eigi viðskipti á íslenskum markaði með íslenskum krónum að taka lán í erlendri mynt. Jafnvel þó að það væri freistandi þar sem vextir á lánunum eru mun lægri erlendis en hér á landi.

Á Spáni eru annars vegar hefðbundnir bankar og svo sparisjóðir og segir Rafael að bankakerfið hafi virkað mjög vel. „Það hefur enginn banki orðið gjaldþrota á Spáni sem er annað en það sem gerðist með marga banka í Pýskalandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.“ Hann segir að helsta ástæða þess að bankar á Spáni lifðu af fjármálahrunið sé að þeir hafi verið mjög vel reknir í gegnum tíð-

Spánn – Ísland

» Íbúafjöldi á Spáni er 47 milljónir.

» Landsframleiðsla á hvern íbúa Spánnar er 29.000 dollarar eða 3,9 milljónir króna.

» Íbúafjöldi á Íslandi er 325 þúsund.

» Landsframleiðsla á hvern íbúa Íslands er 47.000 dollarar eða 6,2 milljónir króna.

ina. „Vandamálin verða til þegar verðmæti eigna verður lægra en verðmæti skulda. Lánastarfsemi þarf að stjórna mjög vel til að ekki fari illa. Markmiðið á að vera að fá lánið endurgreitt með ávöxtun. En fólk þarf að geta borgað lánin til baka því það er ekki hægt að sækja peninga til fólks sem á þá ekki til.“ Hann nefnir að verðtryggð lán og lán í erlendri mynt geti breyst fyrirvaralaust og fólk geti þá jafnvel ekki greitt þau til baka þar sem þau hafi hækkað of mikið. „Að endingu þarf að afskrifa hluta eða jafnvel allt lánið sem er mjög sársaukafullt.“

Viðskiptaafgangur í fyrsta sinn

Rafael segir að efnahagslífið á Spáni hafi breyst heilmikið til batnaðar að undanfögnu. Hann nefnir

sem dæmi að viðskiptajöfnuður hafi verið í fyrsta skipti jákvæður í marga áratugi. „Á minni ævi hef ég aldrei áður séð jákvæðan viðskiptajöfnuð og er þetta því í fyrsta skipti sem er viðskiptaafgangur með meiri útflutningi en innflutningi.“ Hann segir að síðustu 6 árin hafi efnahagslífið farið batnandi þó að enn sé mikið atvinnuleysi. „Atvinnuleysi er ennþá vandamál á Spáni og líklega eitt af stærri vandamálunum í efnahagslífinu.“ Atvinnuleysið mældist fyrir nokkrum árum 26%, núna mælist það 22% og áætlanir gera ráð fyrir að atvinnuleysið komist undir 20% í lok árs 2016. Rafael segist mundi vilja sjá atvinnuleysið vel undir 10% og þó að það hafi tekist að minnka það töluvert þá sé það ekki nægilega mikil lækkun. Hann segir að yfírvöld hafi komið með nýja vinnulöggjöf fyrir um 2 árum sem átti að liðka til á vinnumarkaði en telur að það nægi ekki. „Það þarf að ganga miklu lengra í því að gera kerfið einfaldara milli atvinnurekenda og launþega.“

Evrar á að tryggja stöðugleika

Hvað evruna varðar telur Rafael að það sé nauðsynlegt að bæði Spánn og Grikkland haldi sig við þann gjaldmiðil. „Það leysir engan vanda að yfirgefa evruna. Það vilja allir búa við stöðugleika í efnahagslífinu og hún á að tryggja það. Ef við tækjum upp annan gjaldmiðil værum við ekki að skapa slíkt umhverfi.“

Vonar að ApplePay komi senn til Íslands

„Ég hef væntingar um að Apple muni gera ApplePay-greiðsluleið sína aðgengilega hér á landi áður en langt um líður.“ Þetta segir Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitor, en fyrirtæki hans var ásamt fimm öðrum valið úr hópi 150 færsluhirða sem starfa á Evrópumarkaði til að þjónusta ApplePay sem nú hefur hafið innreið sína á Bretlandsmarkað. Þjónustan verður veitt af Valitor í nánú samstarfi við bandaríska fyrirtækið Stripe en það starfar meðal annars með Twitter og Facebook auk Apple. Þannig munu breskar verslanir og þjónustuaðilar geta frá og með 1. júlí næstkomandi geta boðið viðskiptavinum sínum upp á greiðsluleið í gegn ApplePay. Samhliða þessu nýja samstarfi

hefur Viðar átt samtöl við tengiliði samstarfsins hjá Apple og hvatt þá til að kanna möguleikann á því að opna fyrir þjónustu sína á Íslandi, ekki síst vegna þess hversu hátt hlutfall Íslendinga notast við greiðslukort og hversu mikil farsímanotkun er í landinu.

Tekjur Valitor erlendis hafa tvöfaldað á einu ári og nema þær nú um 40% af heildartekjum þess. Viðar segir að hann búist við áþekkrri aukningu á næstu misserum. „Tekjuaukningin erlendis hefur verið mikil enda eru sóknarfærin hér heima ekki mjög mörg. Við gerum ráð fyrir því að innan fárra ára verði erlendar tekjur Valitor um 70-80% af heildartekjum fyrirtækisins.“



Morgunblaðið/Ómar

Kort Viðar Þorkelsson er ánægður með nýjan samning við Apple.

METSÖLULISTI EYMUSSON ÍSLENSKAR BÆKUR VIKAN 03.06.15 – 09.06.15



1 Hamingjuvegur
Liza Marklund



2 Blóð í snjónum
Jo Nesbø



3 Tapað fundið
Arella Eydis Guðmundsdóttir



4 Auga fyrir auga
Roslund & Hellström



5 Risaedlur í Reykjavík
Evar Þór Benediktsson



6 Skuggadrengrur
Carl-Johan Vallgren



7 Skutlubók Villa
Vilhelm Anton Jónsson



8 Breyttur heimur
Jón Órmur Halldórsson



9 Perlu úr ljóðum íslenskra kvenna
Silja Aðalsteinsdóttir valdi



10 Hilma
Óskar Guðmundsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNUM EYMUSSON UM LAND ALLT



Eymundsson